

Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020

Greinargerð með frumvarpi



FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2020

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2019 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði Garðabæjar 29. október 2019 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar þann 5. desember 2019. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun Garðabæjar fyrir árin 2021, 2022 og 2023.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði um 159 m.kr. og samstæðureiknings um 566 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 1.469 m.kr. hjá A sjóði og 2.022 m.kr. í samstæðureikningi. Framlegð er áætluð 13,8% en er 13,1% samkvæmt áætlun 2019.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall var 93,9% skv. ársreikningi Garðabæjar árið 2018, en er áætlað 99% skv. fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 og áætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 95,5%. Skuldaviðmiðið er áætlað að verði 82,6%. Framkvæmdir eru áætlaðar 2.310 millj. árið 2020 en eru áætlaðar 3.065 millj. árið 2019.

Kjarasamningar við öll stéttarfélög eru lausir á árinu 2019 og er enn ósamið við flest öll stéttarfélög starfsmanna Garðabæjar. Til að mæta m.a. hugsanlegum hækkunum vegna nýrra kjarasamninga hefur verið gert ráð fyrir að launaliðir hækki um 5,5% árið 2020 eða í takt við lífskjarasamningana sem gengið var frá á almenna markaðnum sl. vetur. Til að stuðla að verðstöðugleika hefur Samband íslenskra sveitarfélaga mælt til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar var komið til framkvæmda. Einnig hefur sambandið mælt til þess að á árinu 2020 hækki gjaldskrár að hámarki um 2,5%.

Í þjóðhagsspá Íslandsbanka undir heitinu „Lægð í lofti“ kemur fram að þjóðarbúið hafi orðið fyrir höggi í útflutningi á árinu 2019 vegna verulegs samdráttar í ferðaþjónustu og loðnubresti og er gert ráð fyrir að útfluningur minnki um 5,4% í ár og standi í stað á árinu 2020. Jafnframt segir í þjóðhagsspánni að „eftir kröftugan einkaneysluvöxt síðustu ára er útlit fyrir að hægari vöxtur sé fram undan. Við áætlum að vöxturinn verði 2,2% á þessu ári, 2,3% árið 2020 og 2,8% árið 2021.“ Varðandi íbúðamarkaðinn segir í þjóðhagsspá Íslandsbanka: „Framboð íbúða hefur aukist jafnt og þétt og á móti hefur dregið talsvert úr eftirspurn. Samræmi milli raunverðs íbúða og kaupmáttar launa hefur því verið mun betra upp á síðkastið. Áfram eru horfur á vaxandi framboði nýrra íbúða sem mun að okkar mati draga úr raunverðshækkunum á næstu misserum.“

Hófleg íbúafjölgun hefur verið síðustu ár í Garðabæ og samhliða hafa fylgt auknar skatttekjur. Íbúafjölgunin hefur verið nokkuð stöðug á bilinu 1,5 – 3% sem er yfir landsmeðaltali. Á sama tíma hafa stofnanir bæjarins getað fylgt eftir fjölguninni og veitt góða þjónustu. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2023 er tekið tillit til mikillar uppbyggingar sem sést m.a. í framlögum til Urriðaholtsskóla, þar sem starfrækt er leikskóladeild og tómstundaheimili ásamt grunnskóla. Jafnframt er gert ráð fyrir framlagi til Áss styrktarfélags sem samið hefur verið um rekstur á starfsemi íbúðakjarna við Unnargrund fyrir fatlað fólk. Einnig hefur nýju tómstundaheimili fyrir fötluð ungmenni, Garðahrauni, verið hleypt af stokkunum í Garðaskóla þar sem dvelja um 8 börn eftir að grunnskólakennslu lýkur á daginn.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2020 eru:

Að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7 %.

Að álagningarhlutfall fasteignaskatta verði skoðuð milli umræðna.

Að rekstrarniðurstaða A-sjóðs verði jákvæð um a.m.k. 200 mkr. Því markmiði hefur ekki verið náð.

Að gjaldskrár hækki um 2,5% sem er í fullu samræmi við þá lífsskjarasamninga sem gerðir voru sl. vetur.

Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggi að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.

Að hvatapeningar verði 50.000 kr. fyrir hvert barn á aldrinum 5 – 18 ára á árinu 2020.

Að öll 12 mánaða börn fái leikskólavist.

Að framkvæmt verði fyrir um 7.179 mkr. á árunum 2020 – 2023 þar af 2.270 mkr. árið 2020.

Að fjölskyldusvið verði styrkt með fjölgun stöðugilda sem vinni að barnaverndarmálum.

Að ráðið verði í nýtt starf menningarfulltrúa til að styrkja menningarstarfsemi í bænum.

Að veltufé frá rekstri verði milli 12 til 15%.

Að áfram sé gætt aðhalds í rekstri og leitast verði ávallt við að ná sem hagkvæmustum innkaupum.

Að á árinu 2020 verði unnið að því að hrinda í framkvæmd úrbótum og ábendingum sem fram koma í rekstrarúttekt á Garðabæ og kynnt var í október 2019.

Að Garðabær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað varðar fjármál og rekstur.

Að bæjarbúum sé gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við fjárhagsáætlun og fjármagni veitt á framkvæmdayfirliti til að bregðast við ábendingum. Áfram verður unnið að því að hrinda í framkvæmd þeim atriðum sem lýðræðisverkefnið „Betri Garðabær“ hleypti af stokkunum um mitt ár 2019.

Að þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.


2. Skatttekjur

Útsvar Áætlaðar útsvarstekjur eru 11.372 mkr og hækka um 8% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2019. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2019 og tekið tillit til launaþróunar og íbúafjölgunar.


Fasteignagjöld Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda verði óbreytt eða 0,19% á íbúðarhúsnæði og 1,63% á atvinnuhúsnæði.

Jöfnunarsjóður Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 924 mkr. á árinu 2020 en var áætlað 995 mkr. 2019. Breyttar reglur við úthlutun fjármagns til sveitarfélaga úr sjóðnum hafa ekki verið Garðabæ hagfelldar og því lækka framlög milli ára.

Skipting tekna 2020



Skipting málaflokka sem hlutfall skatttekna 2020



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 7.783 mkr. árið 2020 í A- sjóði sem er 8% hækkun frá fyrra ári eða 578 mkr. hækkun. Í samstæðureikningi er gert ráð fyrir að launakostnaður verði 7.835 mkr. og hækkar um 594 mkr. milli ára.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga en eins og áður hefur komið fram eru allir kjarasamingar lausir og gerir áætlunin ráð fyrir að laun hækki um 5,5% á næsta ári. Einnig er gert ráð fyrir 200 m.kr. varasjóði til að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum.

Rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A-sjóðs er áætlaður 6.895 mkr. og hækkar um 7 % milli ára. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 41,9% af tekjum á árinu 2020 en er áætlaður 42,5% af tekjum skv. áætlun 2019. Í áætluninni er gert ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 462 mkr. til rekstrar Urriðaholtsskóla þ.e. grunnskóladeild, leikskóladeild og tómstundaheimilis. Einnig eru áætlaðar 120 mkr. til reksturs nýs íbúðakjarna fyrir fatlað fólk við Unnargrund, sem tekinn var í notkun haustið 2019.


Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við upphaflega áætlun 2019 með viðaukum sem samþykktir hafa verið í bæjarstjórn.

3.2. Fjölskyldusvið

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs verði 2.046 mkr. og hækki um 7% eða um 130 mkr. milli árána 2019 og 2020. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks hækkar um 124 m.kr. eða 12% einkum vegna þjónustu við mikið fatlaða einstaklinga sem njóta þjónustu allan sólarhringinn. Hjúkrunarheimilið Ísafold og dagþjónusta eru ekki lengur rekin af Garðabæ en Hrafnista annast reksturinn skv. samningi við Garðabæ. Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár m.a. með yfirtöku sveitarfélaga á málafokki fatlaðs fólks. Mikil hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði málaflokksins á síðustu 3 árum. Til að styrkja starf fjölskylduviðs var á árinu 2018 ákveðið að bæta við fagmenntuðum starfsmanni til að efla þjónustu við fatlað fólk og í framlagðri áætlun er gert ráð fyrir að bæta við tveimur stöðugildum til að mæta aukinni þörf við meðferð barnaverndarmála.


Kostnaður vegna fjölskyldusviðs nam 1.536 mkr. árið 2017, en er áætlaður 2.046 mkr. árið 2020 sem er 33% hækkun á 3 árum. Skatttekjur hafa hækkað á sama tímabili um 20%.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2020



Þús.kr.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2020




3.3. Fræðslumál


Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 7.737 mkr. á árinu 2020 sem er um 7% hækkun milli ára eða um 480 mkr.

Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu hækkar um 23 mkr. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 mkr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 25 mkr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 8 mkr. til þróunarverkefna í leikskólum. Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 25 mkr., sem er 5 mkr. hækkun frá fyrra ári. Einnig er gert ráð fyrir 12 mkr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.

Skipting kostnaðar vegna fræðslusviðs 2020





Leikskólar

Til reksturs leikskólamála er áætlað að verja um 2.546 mkr. sem er um 8 % hækkun milli ára. Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl sem hefur haft þau áhrif að fjárveitingar til leikskólamála hafa hækkað en niðurgreiðslur til dagforeldra hafa lækkað þar sem færri börn eru nú hjá dagforeldrum.

Í Urriðaholtsskóla sem hóf starfsemi á árinu 2018 eru nú starfandi 6 leikskóladeildir með um 119 börn. Fjárframlög til leikskóladeildar Urriðaholtsskóla eru 123 m.kr. á árinu 2019 en áætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að kostnaður við leikskólann nemi 220 mkr.

Leikskólar í Garðabæ hvort sem þeir eru bæjarreknir eða sjálfstætt starfandi bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða aldri fyrir utan Sunnuhvol sem er rekinn sem ungbarnaskóli. Breyting hefur orðið á rekstrarumhverfi leikskólanna þar sem mun yngri börn hefja nú dvöl og er innritun 2018 árgangsins að ljúka nú um áramótin.

Fjöldi barna fædd 2018 í leikskólum sem þegar er innritaður.

Leikskóli	fjöldi barna
Akrar	6
Ásar	22
Bæjarból	13
Hnoðraholt	31
Holtakot	7
Hæðarból	3
Kirkjuból	6
Krakkakot	19
Litlu Ásar	16
Lundaból	8
Sjálaland	24
Urriðaholtsskóli	24
Sunnuhvoll	27
Samtals börn fædd 2018	206

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. október 2019 var 1.112 þar af eru um 350 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Heildarfjöldi stöðugilda í leikskólum Garðabæjar eru 186,7.

Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun.

Opnunartími leikskóla verður óbreyttur en leikskólar Garðabæjar eru opnir alla sumarmánuði og er Garðabær eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður slíka þjónustu.

Fjöldi leikskólabarna í Garðabæ síðustu 5 árin hefur verið:

2015-2016 922 börn

2016-2017 890 börn

2017-2018 896 börn


2018-2019 992 börn

2019-2020 1.200 börn


Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni. Launaþáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja alla samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrri hluta árs 2020.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2020



Einkareknir leikskólar 2020



Bæjarreknir leikskólar 2020



Grunnskólar

Áætlað er að verja um 4.547 mkr. til grunnskólamála á árinu 2020. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 259 mkr. eða 5,5%. Rekstrarfé grunnskóla er reiknað skv. skólavísi og er fjöldi nemenda 1. október 2019 lagður til grundvallar. Í heildina fjölgaði grunnskólanemendum í grunnskólum sem reknir eru af Garðabæ um 35 milli vor- og haustanna 2019. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5.–7. bekk í öðrum skólum Garðabæjar fjölgaði og var fjölgunin mest í Flataskóla. Barnaskóli Hjallastefnunnar bauð aftur upp á nám á miðstigi frá sl. hausti. Frá 1. október 2019 voru nemendur á miðstigi skólans 19 allir í 5. bekk. Heildarfjöldi grunnskólanemenda í skólanum var á sama tíma 82. Nemendur í Alþjóðaskólanum voru við upphaf yfirstandandi skólaárs 97.

Í eignasjóði er fjárveiting að fjárhæð 101 mkr. til viðhalds húsnæðis grunnskólanna sem er sama fjárhæð og í áætlun 2019. Til þess að mæta óskum skólanna um aukið viðhald er á framkvæmdayfirliti fjárveiting að fjárhæð 100 mkr til meiriháttar endurbóta á grunnskólahúsnæði. Auk þess sem áætlað er að verja 100 mkr. til endurbóta á skólalóðum. Einnig er á framkvæmdayfirliti gert ráð fyrir að 100 mkr. verði varið til að ljúka við viðbyggingu Álfanesskóla.

Heildarfjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2014.


2014 – 2015	2.176 börn	fjölgun frá fyrra ári um 92 börn
2015 – 2016	2.316 börn	fjölgun frá fyrra ári um 140 börn
2016 - 2017	2.446 börn	fjölgun frá fyrra ári um 130 börn
2017 – 2018	2.429 börn	fækkun frá fyrra ári um 17 börn
2018 – 2019	2.437 börn	fjölgun frá fyrra ári um 8 börn
2019 – 2012	2.496 börn	fjölgun frá fyrra ári um 59 börn

Á síðustu 6 árum hefur grunnskólabörnum fjölgað um 320.

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar milli skólaára

	2017-2018	2018-2019	2019-2020	breyting haust 18/19
Flataskóli	501	474	453	-21
Garðaskóli	527	535	521	-14
Hofsstaðaskóli	552	578	585	+7
Sjálandsskóli	276	279	302	+23
Álftanesskóli	411	400	410	+10
Urriðaholtsskóli	0	22	52	+30

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2020



Tómstundaheimili grunnskóla

Kostnaður við starfsemi tómstundaheimilanna er áætlaður 93,7 mkr. Auk þess sem Garðabær greiðir 6 mkr. til annarra sveitarfélaga vegna vistunar barna á tómstundaheimilum sérskóla. Kostnaður tómstundaheimilanna er fyrst og fremst launakostnaður og ræðst fjöldi starfsmanna af fjölda barna. Aukinn launakostnaður er tilkominn vegna fjölgunar barna. Hækkun kostnaðar vegna reksturs tómstundaheimilanna milli ára er umtalsverður eða um 24 m.kr. Hækkunin er skýrist af starfsemi nýs tómstundaheimilis í Garðaskóla sem tekið var í notkun haustið 2019 og þjónar nemendum í 5. – 10. bekk sem þarfnast sérstaks stuðnings.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gjaldskrá tómstundaheimilanna hækki um 2,5%.

Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 287 mkr. sem er 8% hækkun frá fyrra ári. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Nemendur við Tónlistarskóla Garðabæjar eru 470 skólaárið 2019-2020. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að bæta við hálfu stöðugildi kennara til að mæta aukinni eftirspurn eftir skólavist. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru þó einkum í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftranesskóla.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 142 mkr. vegna leik- og grunnskóla en er áætlað 139 mkr. árið 2019. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík. Að

auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 16 mkr. á árinu 2020.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum. Gert er ráð fyrir að samningar við einkaskóla verði endurskoðaðir á árinu 2020. Fjárveiting vegna starfsemi einkarekinna skóla árið 2020 er 232 mkr. sem er hækkun um 39 mkr. frá áætlun 2019. Hækkunin er fyrst og fremst vegna ákvörðunar Hjalla um kennslu á miðstigi.

3.4. Menningarmál


Fjárveiting til menningarmála er 244 mkr. en var 228 mkr. á árinu 2019.

Framlög til bókasafns Garðabæjar nema 97 mkr. og hækka um 2% milli ára. Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands er áætlaður 66 mkr. og hækkar um 3%. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað 17,4 mkr.

Í framlagðri fjárhugasáætlun er gert ráð fyrir að bæta við stöðugildi menningarfulltrúa til að vinna að því að efla menningarlíf í Garðabæ.

Listadagar barna eru haldnir annað hvert ár og verða haldnir á árinu 2020.

Áfram er gert ráð fyrir þeim listviðburðum sem fest hafa sig í sessi í Garðabæ s.s. jazzhátíð, Jónsmessugleði á Sjálandi, sýningum á Garðatorgi og stuðningi við ýmsa menningarstarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir rekstri Bjarnastaða á Álftanesi en húsnæðið er notað fyrir starfsemi frjálsra félaga og fyrir menningarviðburði.





3.5. Æskulýðs- og íþróttamál


Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 2.060 mkr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 80 mkr. frá árinu 2019 eða um 4%. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni og íþróttahúss Sjálandsskóla. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 875 mkr. og hækkar um 24 mkr. milli ára.

Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar, Klakans í Sjálandsskóla og Elítunnar á Álftanesi nemi 107 mkr. og hækkar um 5 mkr. milli ára eða um 5 %.


Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingastarfs er áætluð um 36 mkr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 60 mkr. sem er 10 mkr. hækkun frá fyrra ári. Einnig er áætlað að verja 1.620 mkr. til byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Á móti koma áætlaðar tekjur af lóðasölu í Vetrarmýri 1.000 mkr. Einnig eru áætlaðar 80 mkr. til að endurnýja gólf í íþróttamiðstöðinni Álftanesi og 60 mkr. til endurnýjunar íþróttavalla. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga er 132 mkr. og nema hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 50.000.

Framlög til íþróttafélaga eru áætluð miðað við gildandi samninga við félögin, sem hafa verið endurnýjaðir á árunum 2018 - 2019.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2020




Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2020



3.6. Brunamál og almannavarnir


Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 126 mkr. en voru 119 mkr. árið 2019. Hækkunin nemur um 6%. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins lá fyrir þegar gengið var frá framlagningu frumvarpsins. Framlag til sjóvarnargarða er 2,5 mkr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.



3.7. Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála nema 85 mkr. árið 2020 en voru áætluð 75 mkr. árið 2019. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorph frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun og rekstur gámastöðva er áætlaður 193 mkr. en sorphreinsunargjöld eru áætluð 170 m.kr. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 58 mkr. sem er 7% hækkun frá fyrra ári. Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni. Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 9,2 mkr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er færður í málaflokk 03 skv. nýlegum breytingum á bókhaldsreglum sveitarfélaganna. Í Garðabæ er pappír og plasti sérsafnað við hvert heimili. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013 og hefur það verkefni gengið vel í alla staði hvort sem litið er til þjónustu eða kostnaðar. Byrjað var að safna plasti við heimili árið 2018. Plastið sem safnast á heimilum er sett í poka og í orkutunnuna sem kallar ekki á breytta hirðutíðn. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og verður því verkefni haldið áfram með 5 mkr. fjárveitingu á framkvæmdaáætlun á árinu 2020. Unnið er að hugmyndum um staðsetningar á nýjum stöðvum. Lokið er vinnu við uppsetningu grenndargáma við Suðurnesveg og Norðurnesveg á Áltanesi, við Ásgarð, Hofstaðaskóla og á árinu 2019 var sett upp ný og stærri grenndargámastöð við Sjálandsskóla. Einnig eru tvær stöðvar í Urriðaholti og hafa því verið settar upp samtals sjö grenndargámastöðvar í Garðabæ.


Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2020



3.8. Skipulags- og byggingarmál

Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 287 mkr. sem er hækkun um 36 mkr. milli ára. Gert er ráð fyrir að verja um 86,3 mkr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðaskipulags samanbórið við 58,6 m.kr. árið 2019.

Á árinu 2020 verður unnið að gerð nýs deiliskipulags fyrir Vetrarmýri og Hnoðraholt ásamt rammahluta aðalskipulags fyrir sama svæði og svæðis við Vífilsstaði. Verið er að ljúka vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftanes og nýja byggð á Lyngássvæði, auk þess sem unnið er að gerð deiliskipulags fyrir lokaáfangu Urriðaholts.



3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.165 mkr. árið 2020 og er um 90 mkr. hækkun að ræða eða 8%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 69,8 mkr. í 74,6 mkr., gatnahreinsun hækkar um 3,2 mkr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 280 mkr. í 295 mkr. eða um 5%. (auk þess nemur framlag vegna afsláttar til öryrkja og aldraðra 10,3 mkr. sem er fært á fjölskyldussvið).

Endanleg áætlun frá Strætó lá fyrir við gerð frumvarpsins, en rétt er að nefna að ef gerðar verða breytingar á akstri innan bæjarmarka getur skipting á rekstrarframlaginu breyst á milli eigenda. Nema- og öryrkjaframlagið tekur mið af seldum fargjöldum til þessara hópa og getur því einnig tekið einhverjum breytingum. Unnið hefur verið markvisst að því að styrkja innviði fyrir aðra ferðamáta en bílinn til að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið að því að fjölga strætóskýlum í Garðabæ. Fjórum skýlum var komið upp á árinu 2018 og jafnmörgum á árinu 2019 og áfram er stefnt að fjölgun biðskýla með fjárveitingu á framkvæmdayfirliti. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og hafa verið settar upp þrjár viðgerðarstöðvar og verður áfram unnið að því að bæta aðstöðu hjólreiðamanna. Settar hafa verið upp rafhleðslustöðvar fyrir rafbíla og er unnið að því að ljúka samstarfsamningi við Veitur um styrkingu á innviðum fyrir rafbílavæðingu.

Áætlað er að verja 91 mkr. til snjómoksturs og hálkueyðingar og 79 mkr. til götulýsingar.


Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samkomulag við ríkisstjórnina í september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum. Samkomulagið er til 15 ára og á tímabilinu er gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði 45 milljarðar og sveitarfélaganna 15 milljarðar. Gert er ráð fyrir að sérstök fjármögnun standi straum af 60 milljörðum kr.

Markmið samkomulagsins er:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
- Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi.

Garðabær greiðir á árinu 2020 71,5 mkr. til verkefnisins sem fært er á framkvæmdayfirlit.


Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2020



3.10. Umhverfismál

Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 394 mkr. en áætlun 2019 gerði ráð fyrir 371 mkr. eða hækkan um 6%. Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 132 mkr. á árinu 2020. Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 24 mkr. og kostnaður við slátt og hirðingu opinna svæða hækkar um 9 mkr. eða 7%.

Fjármagn til málaflokksins hefur hækkað um 20% á síðustu fimm árum, m.a. vegna nýrra hverfa og svæða í bænum sem þurfa umhirðu.



3.11. Sameiginlegur kostnaður


Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 1.017 mkr. á árinu 2020 en var 962 mkr. árið 2019. Hækkunin nemur 6%. Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi yfirstjórnar og starfsemi bæjarskrifstofa eða 419 mkr. og hækkar um 4% milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar er hækkaður úr 300 mkr. í 320 mkr., sem er 7% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars skv. lögum er hækkuð úr 54 mkr. í 57 mkr. vegna aukinna útsvarstekna áranna 2019 og 2020.

Kostnaður vegna tölvumála er 277 m.kr sem eru tæplega 8% hækkun og er kostnaðurinn allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda. Vaxandi kröfur eru gerðar til tölvuöryggis og er kappkostað að sinna þeim þáttum eins og kostur er.

**Sameiginlegur kostnaður - skipting kostnaðar 2020
þús.kr.**



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum eru áætluð 613 mkr. sem er 68 mkr hækkun frá árinu 2019. Gert er ráð fyrir 4,0% verðbólgu sem er tæplega einu prósentu umfram þjóðhagsspá. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár um verðlagsþróun hafa ekki alltaf staðist.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Fjárveiting til reksturs eignasjóðs er áætluð að fjárhæð 51 mkr. árið 2020. Launakostnaður er áætlaður 71 mkr. og annar rekstrarkostnaður 648 mkr., sem er viðhald, öryggisgæsla, tryggingar og fasteignagjöld stofnana Garðabæjar. Afskriftir eignasjóðs eru áætlaðar 843 mkr.

Launakostnaður umsjónarmanna fasteigna grunnskóla er færður á eignasjóð, en umsjónarmennirnir hafa ásamt starfsmönnum eignasjóðs umsjón með öllum fasteignum bæjarins.

Húsaleiga eignasjóðs hækkar um 96 mkr. milli áranna 2019 og 2020 og eru leigugjöld millifærð á viðkomandi stofnanir. Tekjur eignasjóðs eru áætlaðar 3.212 mkr. árið 2020 en eru áætlaðar 2.931 mkr. árið 2019.

Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 251 mkr. á árinu 2020 en voru áætlaðar 249 mkr. árið 2019 og hækkar um 2 mkr. milli ára. Tækni og umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.

Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.501 mkr. að meðtöldum innri lánum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem reiknuð hefur verið í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar.

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir 200 mkr. varasjóði til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á árinu 2020.

4.2. Þjónustumiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 24 mkr. Þar af er rekstur þjónustumiðstöðvar 8,5 mkr. Þjónustumiðstöðin þjónustar m.a. stofnanir bæjarins og er sú vinna seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar telst einnig rekstur á bílum og tækjum þjónustumiðstöðvarinnar. Á síðustu árum var gert stóratæk í endurnýjun tækja þjónustumiðstöðvarinnar. Húsnæði þjónustumiðstöðvar hefur bæði verið stækkað með leigu á efri hæð og aðstöðu í Lyngási 18.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 14 mkr. árið 2020 en er 16 mkr. árið 2019. Gert er ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 9,5 mkr. til Garðahúsa sem er gjaldfærð sem félagsleg aðstoð við leigjendur hjá fjölskyldusviði.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 350 mkr. samanborið við 318 mkr. árið 2019. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 150 mkr. framkvæmdum vegna veitna á árinu 2020 og 200 mkr. árin 2021-2023. Vegna þjónustu áhaldahúss/ þjónustumiðstöðvar við veitur eru nú gjaldfærðar 55 mkr.

5.3. Strikið 3, rekstur fasteignarinnar

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3 gerir ráð fyrir að skila 71 mkr. tekjuafgangi vegna samnings við ríkið um leigu en heildartekjur nema samtals 137 m.kr. og útgjöld 66 m.kr. sem eru vaxta- og verðbótagjöld, afskriftir, fasteignagjöld og viðhald fasteignarinnar.

Hjúkrunarheimilið Ísafold er ekki lengur B- deildarfyrirtæki þar sem reksturinn er á vegum Hrafnistu skv. samningi þar um. Framlag Garðabæjar til Hrafnistu á árinu 2020 skv. samningi þar um er áætlaður 55,5 mkr.

Framkvæmdir

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 2.310 mkr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 1.700 mkr. sbr. sjóðsstreymisýfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 1.326 mkr.

Til gatnagerðar, hljóðvistar og umferðarmála er áætlað að verja um 750 mkr., þar af er gert ráð fyrir 650 mkr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til að ljúka viðbyggingu við Álftanesskóla er áætlað að verja um 100 mkr.

Til endurbóta á leikskólum er áætlað að verja 100 mkr.

Til endurbóta á grunnskólum er áætlað að verja 100 mkr.

Til endurbóta á skólalóðum er áætlað að verja 100 mkr.

Til fjölnota íþróttahúss er áætlað að verja 1.620 mkr. (áætlað lóðartekjur 1.000 mkr.)

Til endurnýjunar á gólfi íþróttahúss Álftanes 80 m.kr.

Til endurnýjunar íþróttavalla 60 m.kr.

Til bæjargarðs 50 mkr. og til Garðatorgs 100 mkr.

Til bætts aðgengis fatlaðra er áætlað að verja 20 mkr.

Til búsetuúrræða fyrir fatlaða 100 m.kr.

Til greiðslu vegna kaupa á Vífilsstaðalandi 211,8 mkr.

Til eflingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu 71,5 mkr.

Til opinna leiksvæða 100 mkr.

Til uppsetningar bæjarmerkis 5 mkr.

Til strætóskýla 12 mkr. og til hjólaaðstöðu 5 m.kr.

Til grenndargáma 5 mkr. og hleðslustöðvar 10 m.kr.

Til ýmiss búnaðar er áætlað að verja 120 mkr.

Til stofnframlaga leiguíbúða 40 m.kr.

Til samveitna er áætlað að verja 150 mkr.

Til lýðræðisverkefna 50 mkr.

6. Þriggja ára áætlun 2021-2023

Áætlun fyrir árin 2021-2023 (þriggja ára áætlun) er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekkist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða um 2% árin 2020 – 2022. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að skatttekjur aukist um 246 - 273 mkr. Aðrar tekjur aukast um 100 - 110 mkr. á ári.

Gert er ráð fyrir um 361 -375 mkr. hækkun launa- og rekstrarútgjolda vegna aukinnar þjónustu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð af núverandi lánaskrá og greidd niður skv. skilmálum um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 1.700 mkr. árið 2020, 1.200 mkr. árin 2021, 1.100 mkr. árið 2021 og 800 mkr. árið 2023. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.

Íbúafjöldi í Garðabæ 2015-2019

2015	14.647 íbúar
2016	15.196 íbúar
2017	15.691 íbúar
2018	16.277 íbúar
2019	16.850 íbúar (7. nóv.. 2019)

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2015 eða um 2.203 íbúa á 5 árum.

7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla sem kynntir voru í bæjarráði Garðabæjar við upphaf áætlunargerðar og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Forstöðumenn stofnana hafa unnið áætlanir fyrir sínar deildir á grundvelli útgefinna forsendna og ákveðnum ramma.

Leitað hefur verið til bæjarbúa með ábendingar eins og gert hefur verið frá 2017. Það er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar hafa brugðist við og skilað inn ýmsum ábendingum um það sem betur má fara eða leggja skuli áherslu á. Þann 6. nóvember sl. höfðu borist um 42 ábendingar í gegnum nýja samráðsgátt vegna fjárhagsáætlunar 2020 auk fleiri ábendinga í gegnum skráningarform á vef Garðabæjar. Ábendingar íbúa verða teknar fyrir milli umræðna.

Markmiðum forsendna fjárhagsáætlunar hefur í öllum atriðum náðst að öðru leyti en því að rekstrarafgangur A-sjóðs er lægri en stefnt var að.

Á milli umræðna verður farið nánar yfir fyrirbyggjandi beiðnir sviðsstjóra um einstök verkefni sem tillögur hafa verið gerðar um ásamt því sem venja er að leita eftir tillögum til hagræðingar.

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 11,7%. Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,52, veltufjárhlutfall 0,72 og framlegð 13,8%. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 45,1% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 41,1%. Skuldir og skuldbindingar nemi

samtals 16.585 millj. kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 11.062 millj. kr. Skuldahlutfall nemur 95,5%, og verður 94,2% árið 2023. Skuldaviðmið nemur 82,6%.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður 5. desember, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal áætlunin afgreidd fyrir 15. desember ár hvert.

